

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2016.

Á skýrslufundi (aðalfundi) sem haldinn var þann 24. febrúar 2016 hjá ICEPRO Borgartúni 35, var fyrri stjórn og varastjórn endurkjörin en hana skipa Ágúst Úlfar Sigurðsson, Bergsveinn Þórarinsson, Bergþóra K. Ketilsdóttir, Jón Ragnar Höskuldsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns.

Stjórnarfundir

Þrír stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu, þ.e 4. mars hjá Borgun Ármúla 30, og var Þorsteinn Hallgrímsson þá kosinn formaður stjórnar, þann 29. september einnig hjá Borgun og loks 10. Febrúar að Goðalandi 17. Þakka ber fyrir veitingar á fundunum.

Saga upplýsingatækni á Íslandi 1954 – 2014

Fimmtudaginn 26. maí 2016 náðist sá merki áfangi að vefútgáfa ritsins um Sögu upplýsingatækni á Íslandi 1964 – 2014 var opnuð í Hannesarholti Grundarstíg 10, Reykjavík. Anna Ólafsdóttir Björnson sá um ritunina og skilaði mjög góðu verki og var ritið 420 blaðsíður. Ljóst var að þessi fyrsta útgáfa þyrfti lagfæringa við því bæði gæti vantað ýmsar heimildir og annað þyrfti leiðrétta. Einnig var mjög lítið af myndum en því miður tókst ekki að sinna því sem skyldi. Ský kallaði eftir leiðréttingum og athugasemdum og barst þó nokkuð af efni og vann Anna að því sl. haust að uppfæra ritið og skilaði því verki rétt fyrir jól og vonandi verður vefútgáfan uppfærð fljótlega. En enn vantar myndir í ritið.

Fræðslufundir.

Því miður voru ekki haldnir fræðslufundir á starfsárinu.

Minjasöfnun

Enn er nokkuð af eldri tölvubúnaði á nokkurs konar vergangi og munar þar mestu um safn Landsbankans (LÍ). Öldungadeild hefur gert margar tilraunir til að ná samstarfi við LÍ um grisjun og varðveislu þessa búnaðar en án árangurs þar til sl. sumar að bankinn fór í átaksverkefni í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands (ÞÍ) um að finna gripunum framtíðarvarðveislustað. Ráðinn var safnafræðingur til að fara yfir gripina, setja sig í samband við söfn víðsvegar um landið og gera svo tillögur um varðveislu og grisjun. Megnið af búnaðinum var skráður og haft samband við Öldungadeild um hvað af búnaði LÍ væri ástæða til að varðveita. Niðurstaðan varð að Öldungadeild benti á 73 vélar sem skoða bæri betur og munu LÍ og ÞÍ hafa samband við Öldungadeild þegar að lokagrisjun á búnaðinum kemur.

Ráðstefnur

Á síðasta aðalfundi Öldungadeildar sagði Anna Kristjánsdóttir frá samstarfi Skýrslutæknifélaganna á Norðurlöndum um að fjalla um og kynna þróunarsögu upplýsingatækni á Norðurlöndum. Haldnar hafa verið fjórar ráðstefnur um efnið og kallast þær HiNC (History and Nordic Computing). Íslendingar hafa sótt þessar ráðstefnur og stundum flutt erindi. Fram kom að ekki eru líkur á að HiNC5 yrði nokkurn tíma haldin. Anna lagði því fram hugmynd um að ljúka þessum kafla sögunnar með því að skrifa stutta samantekt til kynningar á sögu tölvutækninnar á Íslandi, og þeim viðtölum sem tekin eru í tengslum við hana og þýða á Norðurlandtungu/ur. Samantektin yrði send forsvarsmönnum HiNC4 og þeim boðið að koma til Íslands og vera viðstaddir opnun vefsins. Jafnframt yrði haldinn opinn fundur SKÝ þar sem fjallað verði um bókina og verði þeim boðið að halda stutt erindi um sögulegt málefni UT innan þeirra landa og valda safngripi. Hugmyndin er góð en tíminn til stefnu var of knappur til að koma þessu í framkvæmd og því beint til aðalfundar að taka ákvörðun um framhaldið.

Lokaorð

Öllum sem sótt hafa fundi og/eða lagt starfi Öldungadeildar Skýrslutæknifélags Íslands lið á árinu 2016 skal hér með þakkað af alhug.

Þorsteinn Hallgrímsson
Formaður Öldungadeildar Ský.